





Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um orkuskipti, 146. mál, þingskj. 205.

Vísað er til ofangreinds skjals sem ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hefur lagt fram á Alþingi. Tillagan felur í sér leiðarljós fyrir aðgerðaáætlun um orkuskipti sem lagt er til að ráðherra verði falið að vinna að.

Á Landsneti hvílir sú lagaskylda að byggja flutningskerfi raforku upp á hagkvæman hátt m.a. að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, gæða raforku og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Stefnumótun og aðgerðaáætlun um orkuskipti er mikilvægur þáttur í þeim grunnforsendum sem ráða þörf fyrir framtíðaruppbyggingu flutningskerfis raforku. Landsnet er eitt fjölmargra íslenskra fyrirtækja sem hefur skrifað undir yfirlýsingu um loftslagsmál og skuldbundið sig til að setja sér markmið og fylgja þeim eftir með aðgerðum í starfseminni sem miði að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og minnka myndun úrgangs.

Almennt

Landsnet fagnar framlagningu tillögunnar en orkuskipti eru einn þeirra þátta sem hafa veruleg áhrif á forsendur framtíðaruppbyggingar flutningskerfis raforku. Í drögum að kerfisáætlun Landsnets fyrir árin 2016-2025, sem ber heitið Innviðirnir okkar – Leiðin að rafvæddri framtíð, eru skilgreindar fjórar sviðsmyndir (stöðug þróun, aukin eftirspurn, rafvætt samfélag og fjölbreyttur markaður).¹ Þessar sviðsmyndir eru grunnforsendur áætlunarinnar en þær byggja á viðamikilli þarfagreiningu þar sem reynt hefur verið að kortleggja betur mögulega framtíðarþróun raforkumarkaðar á Íslandi og ná þannig fram skýrari mynd af þeim þörfum sem framtíðarflutningskerfi raforku þarf að fullnægja. Í þarfagreiningunni var meðal annars haft samráð við aðila á raforkumarkaði um eftirspurn eftir orku, ráðist í athugun á mögulegum orkuskiptum úr jarðefnaeldsneyti yfir í innlenda endurnýjanlega orkugjafa um leið og spár og fyrirliggjandi áætlanir voru rýndar. Eins og meðfylgjandi yfirlitsmynd ber með sér geta mismunandi forsendur haft mikil áhrif á þróun raforkumarkaðar.

Yfirlit yfir sviðsmyndir	2016				
Sjóndeilarhringur til ársins:		2030	2030	2030	>2030
Árleg orkunotkun í GWst	18.883	20.647	23.558	25.537	30.793
Hámarks álag í MW	2.347	2.595	2.942	3.258	4.258
Uppsett afl í MW	2.593	2.878	3.195	3.570	4.400
Vatnsafl í MW	1.938	2.133	2.300	2.420	2.561
Jarðvarmi í MW	655	745	895	1.030	1.030
Vindorka í MW	0	0	0	120	460
Óskilgreind vinnsla í MW					350

¹ Drög að Kerfisáætlun 2016-2025 eru aðgengileg á heimasíðu Landsnets - <http://landsnet.is/landsnet/um-okkur/utgafa-og-samskipti/kvinninqarrit-og-skyrslur/kerfisaaeltun-2016-2025/>.

Um leiðarljós tillögunnar

Markmið um orkuskipti

Í tillögunni er m.a. lagt til að í aðgerðaáætlun verði haft að leiðarljósi að stefnt sé að 10% hlutfalli endurnýjanlegrar orku í samgöngum á landi fyrir árið 2020 og að hlutfallið verði 40% árið 2030. Auk þessa er lagt til að stefnt skuli að 10% hlutfalli fyrir haftengda starfsemi árið 2030.

Við uppbyggingu flutningskerfisins er horft marga áratugi fram í tímann enda er líftími flutningsvirkja almennt mjög langur. Með hliðsjón af því er rétt að benda á tímasett markmið fyrir árið 2030 eru tiltölulega stuttur tími í samhengi við uppbyggingu og líftíma flutningskerfis raforku. Þá væri æskilegt að skilgreina heildarmarkmið fyrir hverja grein og út frá því nokkrar einstakar vörður á leiðinni að hverju markmiði. Undir hverja vörðu þyrfti svo að skilgreina þær nauðsynlegu aðgerðir sem þarf að ráðast í til að komast að einstökum vörðum. Einnig væri æskilegt að skilgreina mælikvarða fyrir hverja aðgerð til að hægt sé að fylgjast náið með framvindu. Þá mætti skilgreinda samgöngur á landi betur þannig að alveg væri ljóst hvort að t.d. almenningsamgöngur, hópferða- og bílaleigubílar eru hluti af markmiðinu, eða hvort eingöngu er átt við „einkabílinn“. Landsnet gerir ráð fyrir að með samgöngum á landi, sé átt við allar samgöngur á landi, þ.m.t. einkabíla, almenningsamgöngur, hópferðabíla og bílaleigubíla

Hagrænir hvatar

Hagrænir hvatar eru mikilvægir til að hafa áhrif á hegðun í þá átt að hvetja til aukinnar notkunar endurnýjanlegrar orku en almennar hagrænar forsendur þurfa að vera til staðar. Horfa verður bæði til möguleika á almennum stuðningsaðgerðum sem og gjaldtöku ríkis og fyrirtækja til skapa betri skilyrði til orkuskipta.

Innviðir

Forsenda orkuskipta er að nauðsynlegir innviðir séu til staðar. Í tillögunni er lagt til að stefnt skuli að því að raftengingar sem fullnægi raforkubörf til allrar almennrar starfsemi skipa í höfnum verði aðgengilegar fyrir árið 2025. Innviðauppbýgging skiptir hins vegar máli fyrir fleiri þætti í orkuskiptum og hér þyrfti að bæta við orðalagi um að tryggja skuli öruggt aðgengi að orku fyrir almenning og fyrirtæki og að innviðir í flutnings- og dreifikerfum séu uppfærðir í takt við aukna rafvæðingu, þannig að tekið væri tillit til flutningskerfisins í áætlunum um raftengingar. Þannig er komið í veg fyrir að skert afhendingaröryggi vinni gegn markmiðum um orkuskipti en líklegt má telja að enn ríkari áhersla verði lögð á afhendingaröryggi raforku þegar samgöngur verða orðnar rafvædda.

Orkusparnaður

Í tillögunni er lagt til að markvisst verði hvatt til orkusparnaðar á öllum sviðum. Fram kemur að verulegur árangur hafi náðst í bættri orkunýtingu og að áfram skuli lögð áhersla á bætt orkunýtni hvort sem eldsneytið er af jarðefna- eða endurnýjanlegum uppruna. Orkusparnaður er mikilvæg leið til að draga losun gróðurhúsalofttegunda og stuðlar að bættri nýtingu auðlinda. Í leiðarljósinu mætti vera að finna skýrari leiðbeiningu um markmið í þeim efnum en ekki að eingöngu sé lagt til að hvatt verði til orkusparnaðar á öllum sviðum. Hvað varðar rekstur flutningskerfisins verður að hafa í huga að töp við flutning raforku fara hratt vaxandi með auknu álagi í óbreyttu raforkukerfi. Í raforkuspá orkusparnefndar fyrir tímabilið 2016 – 2050 kemur fram að flutningstöp árið 2015 voru 370 GWh sem er um 2,1% af orku sem fer inn á flutningskerfi raforku.²

Samstarf

Orkuskipti krefjast aðkomu fjölmargra aðila og mikilvægt er að tryggja gott samstarf allra þessara aðila. Landsnet hefur tekið þátt í samstarfi Grænu orkunnar – samstarfsvettvangi um orkuskipti og er reiðubúið til frekara samstarfs um orkuskipti.

Rannsóknir, þróun, nýsköpun og alþjóðasamstarf

Rannsóknir og þróun á ýmsum sviðum eru grundvöllur farsælla orkuskipta. Landsnet hefur tekið þátt í ýmsum rannsóknar- og þróunarverkefnum tengdum rekstri flutningskerfa í samstarfi við bæði innlenda og erlenda aðila. Heimildir til þátttöku í slíkum verkefnum eru hins vegar takmarkaðar og rýmka mætti skilyrði fyrir þátttöku félagsins í slíkum verkefnum með breytingu á ákvæðum raforkulaga.

² Raforkuspá 2016-2050 er aðgengileg á heimasíðu Orkustofnunar - <http://os.is/goagn/Skyrslur/OS-2016/OS-2016-08.pdf>.

Um aðgerðir tillögunnar*A. Hagrænir hvatar, innlend framleiðsla og orkusparnaður*

Í A lið eru lagðar til fjölmargar aðgerðir um hagræna hvata en lítið um aðgerðir tengdar orkusparnaði eða gjaldtöku fyrirtækja í orkugeiranum til að stuðla að orkuskiptum.

B. Innviðir

Í umfjöllun um aðgerðir vegna innviða er m.a. fjallað um raforkunotkun í fiskmjölsverksmiðjum, raftengla á langtímastæðum við flugvelli og landtengingu flugvéla, auk uppbyggingar innviða fyrir rafmagnsbifreiðar almennt. Líklegt verður að telja að árangursríkar aðgerðir á þessum sviðum hafi umtalsverð áhrif á þörf fyrir flutning rafmagns um landið. Í ljósi þessa væri eðlilegt að bæta við aðgerðaflokki sem snýr að aðgerðum við uppbyggingu í flutnings- og dreifikerfum í tengslum við aukna raforkunotkun á ýmsum sviðum. Eins og áður hefur verið bent á aukast kröfur um afhendingaröryggi samhliða aukinni rafvæðingu í samgöngum. Lýsingu á slíkum aðgerðum mætti t.d. orða svo: Tryggja skal öruggt aðgengi að umhverfisvænum, innlendum orkugjöfum og að flöskuhálsar ógni ekki afhendingaröryggi. Móta skal stefnu varðandi uppbyggingu á flutnings- og dreifikerfum þannig að tryggt sé að afkastageta fylgi þróun rafvæðingar.

C. Stefnumótun, reglugerðir og rannsóknir

Í lið C1 kemur m.a. fram það markmið að 20% allra bifreiða í eigu opinberra aðila verði vistvæn árið 2020. Í tillögunni er ekki nánar útlistað til hvaða aðila þessu markmiði er ætlað að ná. Landsnet bendir á að fyrirtækið notar m.a. í starfsemi sinni stórar og öflugar bifreiðar sem þarf að vera hægt að nota utan alfaraleiða og við erfið veðurskilyrði. Ekki liggur fyrir að til staðar séu slíkar bifreiðar sem falla að þessum aðgerðum eða að á næstu þremur árum verði til staðar innviðir til að þjónusta slíkar bifreiðar. Mikilvægt er að aðgerðaáætlun taki tillit til slíkra atriða og sé skýr hvað varðar það til hvaða aðila og tækja áætluninni sé ætlað að ná.

Lokaorð

Landsnet fagnar tillögu um aðgerðaáætlun um orkuskipti. Með aðgerðaáætlun um orkuskipti fást grunnforsendur sem unnt er að nota við þarfagreiningu varðandi flutning í flutningskerfi raforku. Landsnet saknar þess hins vegar að í tillögunni sé ekki nánar fjallað um flutnings- og dreifikerfi raforku sem eru veigamiklir þættir í orkuskiptum með aukinni nýtingu raforku. Þá eru markmið og aðgerðir varðandi orkusparnað lítt útfærðar í tillögunni. Landsnet gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við þingsályktunartillöguna.

Virðingarfyllst,

Guðjón Axel Guðjónsson, lögræðingur Landsnets hf.